



Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson

Skútustaðahreppur

28. maí 2020 – Pistill nr. 75



Síðasta þriðjudag var vogleði leikskólans Yls haldin. Elsti árgangurinn útskrifaðist með viðhöfn og þá var ýmislegt gert til skemmtunar, m.a. fengu börnin að fara á hestbak. Mikil ánægja ríkir með nýja leikskólahúsnæðið sem var vígt seinasta haust og var bylting á aðstöðu fyrir starfsfólk og börnin.

28,4 milljón króna hagnaður af rekstri sveitarfélagsins 2019

Ársreikningur Skútustaðahrepps 2019 var lagður fram til fyrri umræðu á fundi sveitarstjórnar í gær. Rekstur sveitarfélagsins á seinasta ári gekk heilt yfir með ágætum. Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 603,1 milljónum króna, þar af námu rekstrartekjur A hluta 530,9 milljónir króna. Rekstrarafgangur samstæðunnar var 28,4 milljónir króna sem var 43,6 milljónum króna undir áætlun. Rekstrarniðurstaða A-hluta var neikvæð að fjárhæð 17,6 milljón króna. Metár var í fjárfestingum sveitarfélagsins á árinu 2019 eða 218 milljónir króna og voru þær að mestu fjármagnaðar með handbæru fé. Handbært fé í árslok 2019 var 69,8 milljónir króna. Helstu frávik í rekstri voru lægri skatttekjur en áætlað var, aðrar tekjur voru hærri en áætlað var en launakostnaður og framkvæmdir voru talsvert umfram áætlun.

Helstu þættir ársreiknings

Heildareignir í samanteknum reikningsskilum A og B hluta eru 931,2 milljónir króna. Heildarskuldir og skuldbindingar eru 299,7 milljónir króna. Lífeyrisskuldbinding hækkar frá árinu 2019 og nemur 84,8 milljónum króna og þar af er áætluð næsta árs greiðsla 2,2 milljónir króna. Skuldahlutfall A- og B-hluta skv. 2. tl. 64. gr. sveitarstjórnarlaga nemur 49,7% af reglulegum tekjum. Eigið fé í samanteknum reikningsskilum er 631,5 milljónir króna og er eiginfjárhlutfall 67,8%. Veltufjárhlutfall samstæðunnar var 0,71. Rekstur í samanteknum reikningsskilum A og B hluta skilaði 37,6 milljónum króna í veltufé frá rekstri sem er 6,2% af heildartekjum.

Helstu frávik

Helstu frávik í rekstri samantekinna reikningsskila A og B hluta eru að útsvar og fasteignaskattur eru 18,8 milljónum króna lægri en áætlun gerði ráð fyrir, framlög Jöfnunarsjóðs eru 2,8 milljónum króna hærri en áætlun, aðrar tekjur eru 40,6 milljónum króna hærri en áætlun, laun og launatengd gjöld eru 59,7 milljónum króna hærri en áætlun, annar rekstrarkostnaður er 7,8 milljónum króna hærri en áætlun gerði ráð fyrir, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru 1,5 milljónum króna hagstæðari en áætlun gerði ráð fyrir. Afskriftir eru 2,1 milljón króna hærri en áætlað var.

Metár í uppbyggingu og fjárfestingum

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum í samanteknum reikningsskilum A og B hluta nam á



Frá vöggleði leikskólans Yls síðasta þriðjudag við nýja leikskólahúsnæðið.

árinu 2019 samtals 218 milljónum króna en áætlun gerði ráð fyrir 157 milljónum króna. Meðal helstu framkvæmda ársins voru bygging nýs leikskóla, kaup á þremur nýjum íbúðum í Klappahrauni, fyrsti áfangi göngu- og hjólréiðastígs, endurbætur á stígum í Höfða, gatnagerðarframkvæmdir, malbikunarframkvæmdir, fráveituf framkvæmdir, viðhaldsframkvæmdir o.fl.

Fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga miðast meðal annars við að:

- *Skuldaviðmið sveitarfélaga þ.e. að heildarskuldir og skuldbindingar samstæðu í reikningssskilum séu ekki hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum sveitarfélagsins. Skuldaviðmið samstæðu Skútustaðahrepps í árslok 2019 er 49,7%.*
- *Fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga tilgreina einnig að rekstrarjöfnuður á hverju þriggja ára tímabili sé jákvæður og er þessi rekstrarjöfnuður hjá Skútustaðahreppi jákvæður sem nemur 221,6 milljónum króna.*

Ljóst er að Covid-19 heimsfaraldurinn sem nú gengur yfir mun hafa veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim, þar með talið efnahagsleg, á þessu ári. Veruleg óvissa ríkir um efnahagsleg áhrif faraldursins og vænta má að áhrif á rekstur sveitarfélagsins á þessu ári verði umtalsverð m.a. vegna lægri skatttekna og annarra tekna, frestun gjalddaga og aukinna útgjalda. Forsendur fjárhagsáætlunar 2020 eru að miklu leyti brostnar en til að mæta tekjusamdrætti og halda sig við fjárfestingaáætlun ársins sem hluti af

viðspyrnuaðgerð hefur sveitarfélagið tekið 150 m.kr. langtímalán.

Skútustaðahreppur innleiði Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

Sveitarstjórn hefur staðfest tillögu skóla- og félagsmálanefndar að Skútustaðahreppur innleiði Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna inn í stjórnsýslu og stafsemi sveitarfélagsins. Í kjölfar lögfestingar Barnasáttmálans á Íslandi 2013 hefur eftirspurn eftir fræðslufni og stuðningi við innleiðingu sáttmálans aukist til muna. Á það ekki síst við sveitarfélögin, sem sinna stærstum hluta þeirra verkefna sem hafa beina tengingu við daglegt líf barna og ungmenna. Til að svara þessari eftirspurn hóf UNICEF á Íslandi, í samstarfi við umboðsmann barna árið 2016, að búa til líkan fyrir innleiðingu Barnasáttmálans innan íslenskra sveitarfélaga, líkan sem við köllum barnvæn sveitarfélög. Frá því verkefnið var sett á laggirnar hefur UNICEF haldið utan um innleiðingu, veitt sveitarfélögum ráðgjöf og sinnt fræðslu til starfsmanna og kjörinna fulltrúa. Barnvæn sveitarfélög er verkfærakista og líkan sem styður við innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna inn í stjórnsýslu og stafsemi sveitarfélaga. Innleiðingarferlið tekur tvö ár og skiptist í 8 skref, sem sveitarfélag stígur með það að markmiði að virða og uppfylla réttindi barna. Að tveimur árum liðnum, getur sveitarfélag sótt um viðurkenningu frá

UNICEF á Íslandi. Viðurkenningin er háð því að starfsfólk UNICEF meti sem svo að innleiðingarferlið hafi verið réttindum barna í sveitarfélaginu til framdráttar og að aðgerðaáætlun verkefnisins hafi verið fylgt eftir. Til að viðhalda viðurkenningunni þarf sveitarfélag að halda innleiðingunni áfram, setja sér ný markmið og óska eftir nýju mati að tveimur árum liðnum. Sjá nánar á www.barnvaensveitarfelog.is/.

21 sótti um starf sveitarstjóra

Alls barst 21 umsókn um stöðu sveitarstjóra Skútustaðahrepps en umsóknarfrestur var til og með 17 maí s.l.

Nafnalisti umsækjenda verður birtur þegar gengið hefur verið frá ráðningu en stefnt er að því að ljúka ráðningaferlinu um mánaðarmótin.



Daði Lange og Ingi Þór.

Ingi Þór hættir eftir 44 ár - Daði tekur við

Ingi Þór Yngvason lætur af störfum um næstu mánaðarmót sem grenjaskytta sveitarfélagsins eftir 44 ára starf. Sveitarstjórn samþykkti á síðasta fundi sínum að skipa Daða Lange Friðriksson sem grenjaskyttu í stað Inga. Þeir félagar hittust á fundi með sveitarstjóra á dögnum þar sem var verið að skipuleggja yfirfærsluna og framhaldið og var myndin tekin af því tilefni.

Sveitarstjórn bókaði á fundi sínum þakklæti til Inga Þórs fyrir ómetanlegt og fórnfúst starf sem hann hefur unnið við meindýra- og vargeyðingu í sveitarfélaginu um áratugaskeið.

Samið við Húsheild ehf. um endurnýjun á þaki Reykjahlíðarskóla

Eitt tilboð barst í útboði á endurnýjun á þaki á Reykjahlíðarskóla, frá Húsheild ehf.

Kostnaðaráætlun var 36,6 m.kr. en tilboð Húsheildar ehf. var 14% yfir kostnaðaráætlun.

Verkís sá um gerð verklýsingar, magnskrár, kostnaðaráætlunar og útboðsgagna. Farið var í skýringarviðræður við Húsheild ehf. þar sem gerðar voru breytingar á nokkrum þáttum og er því nýtt tilboð Húsheildar ehf. 39,3 m.kr. eða 7,4% yfir kostnaðaráætlun.

Sveitarstjórn samþykkti tilboð Húsheildar ehf. samhljóða. Verkið rúmast innan fjárhagsáætlunar ársins.

Leki hefur verið vandamál á þaki Reykjahlíðarskóla undanfarin ár. Hluti af verkinu verður að loka þakgluggum skólans

Vinnu ríkisins gagnvart Skútustaðahreppi verði hraðað eins og kostur er

Sveitarstjóri og oddviti fóru yfir stöðu 15 viðspyrnuaðgerða sem sveitarstjórn samþykkti að ráðast í vegna Covid-19 og mikils samdráttar í atvinnulífinu. Sumar aðgerðir eru komnar af stað og aðrar komnar langt í undirbúningi.

Byggðastofnun hefur gert samantekt á áhrifum niðursveiflu í ferðaþjónustu á atvinnuástand á landsbyggðinni en í henni er mikilvægi ferðaþjónustunnar greint eftir svæðum og sveitarfélögum. Skýrslan var unnin af frumkvæði samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Niðurstöður leiða í ljós að mörg sveitarfélög verða fyrir miklum búsisfjum vegna ástandsins en að mati Byggðastofnunar verða níu sveitarfélög fyrir þyngstu höggi; eitt á Norðurlandi eystra sem er Skútustaðahreppur, fimm á Suðurlandi og þrjú á Suðurnesjum. Þær sviðsmyndir sem dregnar eru upp að Byggðastofnun eru í takt við sviðsmyndagreiningu sveitarstjórnar Skútustaðahrepps. Samkvæmt Byggðastofnun er áætlað að lækkun útsvarsstofns á ársgrundvelli í Skútustaðahreppi verði 12-28% eftir sviðsmyndum. Áætlað atvinnuleysi í apríl var 36,4% en í maí

30,9%. Hlutfall gistinguþátta erlendra ferðamanna var yfir 90% sl. sumar. Boðað er að rætt verði við viðkomandi sveitarfélög í framhaldinu þar sem gripið verður til sértækari aðgerða. Ríkið hefur þegar lagt fram aðgerðarpakka fyrir sveitafélögin á Suðurnesjum.

Sveitarstjórn leggur mikla áherslu á að vinnu ríkisins gagnvart Skútustaðahreppi verði hraðað eins og hægt er til að bregðast við erfiðu atvinnuástandi sem og miklu tekjufalli sveitarfélagsins.

Ánægja með samræmingu skóladagatala

Á fundi skóla- og félagsmálanefndar var farið yfir starfsmannamál og skólustarf skólaárið 2020-2021. Nemendafjöldi í Reykjahlíðarskóla verður 40 og búið er að ráða í allar stöður nema að enn vantar stuðningsfulltrúa og 50% stöðu íþróttakennara. Á leikskólanum Yl fækkar börnum nokkuð þar sem stór árgangur fer upp í grunnskóla. Áætlað er að 21 barn verði næsta vetur og vantar ekki starfsmann þar næsta vetur.

Nefndin lýsti jafnframt yfir ánægju síni með samræmingu skóladagatala leikskóla og grunnskóla. Þá þakkaði nefndin starfsfólki bæði leik- og grunnskóla fyrir framúrskarandi starf síðustu vikur á krefjandi tímum í kórónuveirufaraldrinum.

Snjóþungur vetur – Snjómokstur 60% fram úr áætlun það sem af er ári

Á fundi sveitarstjórnar var lagt fram yfirlit vegna kostnaðar sveitarfélagsins við snjómokstur í Reykjahlíð og á heimreiðum árin 2019 og 2020 en þar er sérstaklega horft til vetursins 2019 og 2020 þar sem hann var einstaklega snjóþungur.

Rekstrarárið 2019: 8.085.468 kr. (þar af okt.-des. 3.098.336 kr.) Kostnaðaráætlun var 5.043.000 kr. Snjómokstur fór því 60% fram úr áætlun.

Rekstrarárið 2020: 8.010.119 kr. Kostnaðaráætlun var 5.043.000 kr. Snjómokstur er því þegar farinn 59% fram úr áætlun.

Sveitarstjórn samþykkti samhljóða viðauka við fjárhagsáætlun 2020 vegna snjómoksturs að upphæð 5 m.kr. (Viðauki nr. 4 - 2020) sem verður fjármagnaður með handbæru fé.



Ókeypis sálfræði- og heilsuráðgjöf fyrir íbúa

Skútustaðahreppur býður íbúum sveitarfélagsins upp á ókeypis ráðgjöf/einstaklingsmeðferð hjá sálfræðingum og hjúkrunarfræðingum Sálfræðipjónustu Norðurlands sem nemur allt að þremur tímum.

Allir íbúar eldri en 16 ára með lögheimili í sveitarfélaginu geta óskað eftir ráðgjöf hjá sálfræðingi eða hjúkrunarfræðingi hjá Sálfræðipjónustu Norðurlands.

Hér er því um einstakt tækifæri að ræða.

Ráðgjöfin/viðtölin geta farið fram í fjarþjónustu (fjarfundabúnaði), á starfsstöð Sálfræðipjónustu Norðurlands eða í húsnæði á vegum Skútustaðahrepps.

Hámark 3 viðtöl á mann. Kostnaður: Ókeypis.

Tímalengd: 45 mínútur líkt og hefðbundið viðtal hjá sálfræðingi eða hjúkrunarfræðingi.

Skráning og nánari upplýsingar fara fram hjá

Sálfræðipjónustu Norðurlands í gegnum heimasíðuna www.sálfræðipjónusta.is

Náttúrameðferð fyrir 16-25 ára – Spannandi námskeið sem er ókeypis

Námskeiðið Náttúrameðferð fyrir 16-25 ára verður haldið í júní í Skútustaðahreppi. Námskeiðið er ókeypis.

Náttúrameðferð er notuð til að veita meðferð við sálrænum- og félagslegum vanda og í stað þess að vera inni í sal fer meðferðin fram í náttúrunni. Á námskeiðinu verður farið í styttri göngur í nærumhverfi og eina lengri ferð. Í þessum ferðum þurfa einstaklingar að takast á við ýmis verkefni,

áskoranir og æfingar sem reyna á traust, þátttöku, útsjónarsemi, ábyrgð, samvinnu og fleira. Námskeiðið gefur einstaklingum tækifæri til að fara út fyrir þægindarammann og kynnast sjálfum sér betur, bæði styrkleikum og veikleikum, vinna með samskipti og samvinnu og efla sjálfstraust. Ef þú vilt auka sjálfstraustið, læra að þekkja sjálfan þig betur, auka trú á eigin getu, auka félagsfærni og leiðtogaferni. Byggja upp frekari hæfileika til samvinnu, læra að setja mörk, læra um tilfinningastjórnun og auka virkni, þá er Náttúrameðferð eitthvað fyrir þig.

Þetta námskeið er hugsað fyrir ungt fólk sem m.a. upplifir lítið sjálfstraust, kvíða, þunglyndi, félagslega einangrun, feimni eða fyrir þá sem eru í lítilli virkni t.d. vegna mikillar tölvunotkunar.

Tímalengd: 16 tímar (2-4 klst. í einu) + ein dagsferð. Alls, 24 klst.

Námskeiðið er fyrirhugað eftirfarna daga:

- 4. júní (2 klst.) • 8. júní (4 klst.)
- 11. júní (4 klst.) • 15. júní (8 klst.) • 18. júní (4 klst.)
- 22. júní (2 klst.)

Skráning á heimasíðu Sálfræðipjónustu

Norðurlands: www.salfraedipjonusta.is

Nánari upplýsingar veitir Dagný á netfanginu:

dagny@salfraedithjonusta.is

HRÓS DAGSINS... fær Fjöregg fyrir gott skipulag og halda vel utan um hinn árlega hreinsunardag sem fram fór síðasta mánudag.

Sumarnámskeið Mývetnings

Í sumar ætlar Mývetningur að bjóða upp á tvö tveggja vikna leikjanámskeið. Námskeiðin munu vera fyrir 6-12 ára (börn sem verða 6 ára á árinu eru velkomin) og verða námskeiðin alla virka daga milli 10:00-12:00. Hvort námskeið fyrir sig kostar 4.000,-kr. Boðið verður upp á 1.000,- systkinaafslátt.

Fyrri námskeið: 2.-12. Júní (9 skipti)

Síðasti skráningadagur er 29. maí.

Seinna námskeið: 29. Júní – 10. Júlí (10 skipti)

Síðasti skráningadagur er 22. júní



Skráningar sendast á mvetningur@gmail.com. Staðfesta þarf síðan skráningu með greiðslu námskeiðisgjalds inn á reikning Mývetnings.

Kennitala: 610502-6520

Reikningsnúmer: 1110-26-010055

Lágmarksþátttaka námskeiðanna er 6 krakkar en hægt verður að kaupa stakt skipti á 500,-kr. Umsjónamaður er Sandra Haraldsdóttir.

Ýmislegt

Að vanda hef ég verið á ýmsum stað- og fjarfundum að undanförunu. Má þar nefna fund SSNE með þingmönnum kjördæmisins, framkvæmdastjórn HNP bs, forstöðumannafund, skipulagsnefnd, skóla- og félagsmálanefnd, stýrihóp Nýsköpunar í norðri, brunavarnanefnd og vorfund með lögreglunni. Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda. Tilgangurinn er að efla upplýsingastreymi sveitarstjórnar. Sveitarstjórapistillinn er sendur út í tölvupósti og birtur á heimasíðu sveitarfélagsins.

Bestu kveðjur

Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri



Krossmúlavöllur kemur vel undan vetri og fyrsta grasfótboltaæfing ársins hjá Mývetningi var haldin síðasta þriðjudagskvöld. Þar mætti öflugur hópur vaskra kappá sem sýndi góða takta. Skipt var upp í eldra og yngra lið og urðu úrslitín afar óvænt því yngra liðið bar sigur úr býtum.